

Um austfirsku

Kristján Árnason

Breiðdalssetri, 8. júní 2013

Það sem ég ætla að fjalla um

- Mállýskur og málsvæði, almenn umræða
- Aðstæður á Íslandi fyrr og nú
- Sérstaða Íslands saman borið við nágrannalöndin
- Austfirðir sem „málsvæði“
- Austfirðir í „alþýðumálvísindum“ og „alvörumálvísindum“
- Ummæli og rannsóknir fyrr og nú, m.a. Stefán Einarsson

Málvenja, málbrigði

- Mikilvægt hugtak: málbrigði (e. variety)
- Skilgreining (drög):
 - Safn forpátta sem hafa verið skilgreind sem einkenni á málnotkun tiltekinna hópa eða við tiltekna aðstæður í samfélaginu
- Hefur formlega viðmið og félagsleg viðmið
- Austfirska: Er réttlætanlegt að tala um austfirsku sem sérstakt málbrigði; sérstaka mállýsku?

Tungumál og mállýska

- Mállýska (dialekt) hefur verið skilgreind þannig að hún sé málvenja eða málbrigði sem er bundið ákveðnum landshluta (ákveðnum hópi eða stétt fólks, félagsmállýska).
- Mismunandi **mál**, mismunandi **mállýska**: ekki alltaf einfalt að greina þarna á milli. En það getur skipt máli frá þjóðernislegu og pólitísku sjónarmiði.
- Af hverju eru norrænu málin (sænska, norska og danska) þrjú?
- Tungumál er „mállýska með her“

Mállýskur og mállýskuleysi

- Í Evrópu eru mállýskur skilgreindar með félagslegum eða virknibundnum hætti - út frá staðalmálum:
 - staðbundnar, upprunalegar, ófínar – Misjafnt eftir löndum: Norðmenn virðast elska mállýskur; Danir, Englendingar og Þjóðverjar litu niður á þær
- Ísland: *mállýska* þýðir svipað og málvenja, máleinkenni: Engin neikvæð merking í því að eitthvað sé mállýska
- Hins vegar oft fólgið mat í nöfnum sem notuð eru um einstök einkenni:
 - *harðmæli, flámæli, linmælg*
 - Nýlegt: *höggmæli, gleiðmæli*

Engar raunverulegar mállýskur á Íslandi

- Af hverju litlar mállýskur á Íslandi?
- Ýmsar skýringar nefndar
 - Helgi Guðmundsson: Um það bil 25 ástæður
 - Milroy & Milroy: félagsnet; þéttirðin félagsnet á Íslandi
 - Helge Sandøy: Engin þorp á Íslandi; Færeyjar: *bygd. bygdarmál*
- En samgöngur voru erfiðar á Íslandi á fyrri tíð:
 - Póstur á Austfirði fór stundum í gegnum Kaupmannahöfn
- Aðalorsök einsleitninnar: Til var ritmálsstaðall

Málsiðir og málboðun

- Gott mál eða vont?
- Hvað er “rétt íslenskt mál”
- Það sem er í Njálu
- Það sem Jónas hefur samið og Konráð samþykkt, það kalla ég íslensku (Sig. Nordal)
- Indriði Gíslason o.fl.
- Rétt mál er í samræmi við “málvenju”
- Rangt mál: “ekki í samræmi við málvenju”
- Hvað er þá málvenja?

Samanburður við nágrannamál

- Norska: tvö ritmál, vel skilgreindar mállýskur
- Meginskipting í vestlensku og austurnorsku
- Færeyska: Meiri munur en í íslensku
 - Erfitt ritmál, fjarri talmáli
- Þessi tiltöluleg mikla einsleitni þýðir þó ekki að allir tali eins á Íslandi
- Breytileikinn ræðst nú e.t.v. meira af stíl, jafnvel stéttum, starfsgreinum

Íslensk málbrigði (vísir að mállýskum)?

- Hvað þarf til?
- Formleg einkenni, sem greina norðlensku frá máli annars staðar: t.d. harðmæli, röddun, tónfall, orðalag
- Einhvers konar tilfinningu í samfélaginu fyrir því að þetta sé sérstakt afbrigði af íslensku.
- Er austfirska sérstakt málbrigði? Er skaftfellska sérstakt málbrigði?
- E.t.v. að einhverju spurning um mat/afstöðu, sjálfsmynd
- Finnst austfirðingum að þeir tali öðru vísi en aðrir landsmenn?

Formeinkenni

- Mállýskumunur getur snert allt sem við “lærum” þegar við tileinkum okkur tiltekið tungumál, svo sem orðaforða (hvaða orð eru notuð og hver merking þeirra er: *kók í baukum, brautarskurður, bjálfi*), beygingar (*borir* eða *borar, rigningarskúrir*, kk. eða kvk), setningagerð (*þetta er bókin (hennar) Jónínu*), framburð (einstök máhljóð og hljóðkerfisreglur), tónfall.

Staðbinding

- Mállýskur (málbrigði) geta verið mismunandi eftir landshlutum. Því einangraðri (félagslega og landfræðilega) sem tiltekinn landshluti er, því líklegra er að þar þróist sérstök mállýska. Gera má ráð fyrir að hið sama eigi við um félagshópa af öðru tagi. Meiri stéttaskipting – meiri félagslegur málmunur.

Annars konar málbrigði

- Félagsmállýskur
- Mállýskur geta verið mismunandi eftir þjóðfélagshópum eða stéttum. Því “einangraðri” sem tiltekinn hópur er, því líklegra er að innan hans þróist sérstök félags mállýska.
- Tala konur öðruvísi en karlar?
- Unglingar öðruvísi en fullorðnir
- Menntskælingar öðruvísi en nemendur í iðnskóla (tækniskóla)
- Málsnið: Málbrigði sem skilgreind eru eftir aðstæðum.
- Formlegt, vs. óformlegt ...

Austfirska og breytileiki á fyrri tíð

- /æ/ var lengi einhljóð hér fyrir austan: *lækur*
- Árni Magnússon (1663—1730): ‘Hún gekk á reður með manni’ sagði Austfirðingurinn um konuna.

María mer, mild og skier
ann eg dýrust drósa
af dygðum þér.
Mér sú merin ljósa
í minni er.

Eggert Ólafsson (1726--1768)

- Réttitabókinni (frá 1762) Um einhljóðaframburð
- Sumir Vestfirðingar segja *ang* en aðrir *æng*. Austfirðingar segja *áung*, og gera „hvörutveggju [þ.e. bæði Vestfirðingar og Austfirðingar] of frekt af“.
- Norðlendingar segir hann að gangi meðalveg og beri fram *áöng* (með punktum yfir báðum sérhljóðum).
- Tólf og orf : tólb og orb: „bögumæli almúgans“.
 - Skrá um bögumæli í íslensku:
 - alla gutu f. alla götu.

Ausfirsk sérkenni (frh.)

- Eggert Ólafsson (Rejse igennem Island, bls. 823-24):
 - Austfirðingar hafa einhvern söng sem minnir á norsku – „þessi ósiður er jafngamall tunngunni“
- Jón Ólafsson ur Grunnavík:
 - Mörg fornyrði á Austfjörðum
 - Tónninn, sem enn lifir í Noregi. (sbr. Stefán Einarsson 1932b:570)

Bjarni Sveinsson, Fáskrúðsfirðingur á Bessastöðum

- Bréf frá Hallgrími Scheving til Konráðs Gíslasonar (24. ágúst 1858, sbr. Hrein Benediktsson 2002, bls. 224-225):
- Fyrir hérum 24 árum bað sra Ólafur Indriðason á Kolfreyjustað mig fyrir Bjarna nokkurn Sveinsson, sem hann hafði sagt dálítið til undir skóla. Var Bjarni þessi hjá mér nokkrar vikur áður piltar komu til skólans. Tók eg þá eftir því í samfræðum okkar, að y hljóð lét mjög öðruvísi í frambruði hans en eg hafði áður heyrt. Reyndi eg oft til að líkja eftir því, en mér tókst það ekki, enda tókst mér ekki að búa til aðra eins píputotu úr efri vörinni eins og hann gerði, og átti hægt með, þegar hann frambar þetta sitt y.

Bjarni Sveinsson (frh.)

- Eg sagði Sv. Egilssyni frá því, og lét hann áminnstan Bjarna frambæra þetta y hljóð oftsinnis sér áheyranda, og hefir hann lýst þess hljóðan í framburði í málmyndafræði íslenzkri, sem hann byrjaði á, en hætti við aftur við byrjun § 56. Þessu hljóði lýsir hann þannig í § 8, „að y,ý, ey er nú almennt kveðið sem i í ei, en sumstaðar á Austfjörðum eldir enn eftir af hinum forna framburði ýs, sem er eitthvert samfelld hljóð af i og u (iu) eins og fyrsta mállistar ritgjörðin í Snorra Eddu lýsir því (bl. 277). Þetta hljóð er töluvert grennra og veigameira en hið danska y, og ekki allíkt því. Af þessu samfellda hljóði er skiljanlegt, að hljóðið gat skipzt í tvennt og orðiðn ýmist að i, sem víðast hefir orðið, ýmist að u, t.d. flutja, dur, þ.e. flytja dyr o.s.frv.“

Bjarni Sveinsson (frh.)

- Þegar Bjarni Sveinsson hafði verið nokkurn tíma í Bessastaðaskóla, lagði hann þetta y hljóð af, til að geta af því að skólabræðrum hans mun hafa þótt slíkt ýs hljóð mjónalegt og hjákátlegt, af því þeir höfðu ekki vanizt því, og varageiflurnar, sem til þess þurftu, íbroslegar. Eg sé stórum eftir því, að mér hugnaðist ekki, meðan kostur gafst, að fá Bjarna til að tína saman og skrifa þau orð upp, sem hann frambar með þessu ý hljóði. Mér þykir meiri líkur til, að þetta ýs hljóð muni ekki vera algjörlega undir lok liðið í sveitunum kringum Faskrúðsfjörð, og ekki er að vita, nema það haldist við víðar á Austfjörðum. En það þyrfti lipran og gætinn mann til að komast á snoðir um það, því þegar farið er að grafast eftir því, sem vísur frá venju, þá heldur margur almúgamaður, að það sé gjört til þess að hæðast að því á eftir, og dylur sannleikann.

Sagnir af máli ...

- Fáskrúðsfjarðarfranska
 - *Bester lóss for der Hafnarness*
- Sandvíkska – Hlín Aðalsteinsdóttir
- Bóndi í Lóni

Rannsóknir Stefáns Einarssonar

- Þrjár greinar:
 - On some points of Icelandic dialectal pronunciation. *Acta Philologica Scandinavica* 3, 1928-9, bls. 264-280
 - Um mál á Fljótsdalshéraði og Austfjörðum 1930. Skírnir CVI ár, 1932, bls. 33-54
 - Icelandic Dialect Studies I. Austfirðir. *Journal of English and Germanic Philology* XXXI, bls. 537-572
- Tvö ferðalög (1923 og 1930)

Fyrsta greinin

- Yfirlit um mállýskuatríði; Athugar meðal annars flámæli, sem þá var ekki síst kennt við Suðurnes: *suðurnesjamál, nesjamál, sunnlenska*.
 - Á Austfjörðum fékk þetta nafnið *sunnlenska* og talið hafa borist með fólki að sunnan. Jón Ófeigsson fyrstur til að benda á að þetta þekkist í Austur-Skaftafellssýslu og Austfjörðum
 - Ferð 1923: Sr. Björn O. Björnsson í Ásum segir að það beri ögn á því í Meðallandi (og Álftaveri), en þá væntanlega ekki í Skaftártungu.
- Þar austur frá finnst það ekki fyrr en í Suðursveit, kemur fyrir í Hornafirði, áberandi (strongly developed) í Lóni, á öllum Austfjörðum, og Fljótsdalshérað er smitað (affected)

Skírnisgreinin

(1932, ferð 1930).

- Ferð 1930: Fjögur mállýzkuatriði tengjast Breiðdal sem markasvæði (*bo-ji, per-la*, óraddaður framburður og andstæðan suður-austur í áttatáknun)
- Skilin við Breiðdalsheiði, Reindalsheiði og Stöðvarskarð-Víkurheiði. Hví fylgdi Bereiðdalur ekki Héraði, heldur Suðurfjörðunum?
- Kaupsviðin: Djúpivogur vs. Reyðarfjörður
– (bls. 47 o. áfr.)

JEGP greinin (1932), sömu gögn

Áhrif tónfalls á röddun í blönduðum framburði

Influence of pitch upon the voice
of nasals and liquids:

fólkinu (low pitch) - but: ekki fleira fólk.

baðstofulampinn - but: það var stór lampi.

það er eins og) vant er - but:

hefti) ekki kýrnar vantað

það) er svo) grunt - but:

annars er það) ósku(p) grunt

langt (high pitch) - but: seint (low pitch)

Hugsanlegir orðtónar (tónkvæði)

- Bóndinn á Höfn í Borgarfirði
- *Eru þær dýrar talsver vélarnar ---*
- Hugsanlega merki um orðtóna eins og í norsku og sænsku.
- Stefán telur þó líklegra að þessa sér sérstakt tónfall
- Sbr. mun á norðlensku og sunnlensku tónfalli

Tónfall (hugsanlega norskir orðtónar)

Speech melody.

er hann kominn, Austf. - bot kominn, Euf.

eru þar dýrar, talsvert, vátarnar?

áður, býur, stjólleitis

það var lítið.

ætti það ekki [ahdeipa:ge]

á gattastöfum

Fólkið á Stóra-Sandfelli í Skriðdal

- Fjórir bræður og ein systir, auk aldraðra foreldra. Raunar var það einungis móðirin sem sýndi þetta sérkenni:
- *Stelpa* [stelpa], *fólkið* [foulcið], *stúlka* [stulka], *skemmtilegur* [scɛmtilɛɣr], *vanta* [vanta]
- Raddað án fráblásturs ...
- Ekki alveg reglulegt; systir móðurinnar talaði líka svona

Bóndinn á Eskifirði

Var það sveitabær?


- Talinn hafa erfð þetta frá föður sínum sem bjó á Helgustöðum við Reyðarfjörð:
- *Morgni* [mɔhd.ni], *nefnilega* [nehblega], *bryggjuna* [brihg:yna]
- Fleiri dæmi: *Arnbjörg* [ahjtbjörg]; *arnhöfðóttur* [ahtnɛvðouhdyr]
- Eiknasala [eiŋkasala]
- Dæmi um *sagdi* [saydi]
- Öll löng sérhljóð tvóhljóðast: *fyrir* [feɛ:ir] *Osló* [uɔ:slou]
- Innskotshljóð á eftir nálægum hljóðum: *súðin* [su:əðin], *út* [u:ət]

Nútíminn

- Björn Guðfinnsson 1940; RÍN 1980; RAUN 2010
- Flámæli talsvert 1940; reyndar greint sem sjúkdómur
- Man efir Breiðdælingi í RÍN:
 - *Pili til að drekka úr*
 - *Pili í hjóli*
- Nú svo til horfið
- Austfirðingar skera sig ekki mikið úr; eins konar blendingssvæði
- Skaftfellingar sérstakir?

Flámæli á Austurlandi

skv. rannsókn Björns Guðfinnssonar (prósent)



Flámæli að hverfa

Flámæli í S-Múl skv. RÍN

